



# BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is  
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Guðmundur Sigurðsson

2.bréf 2017

Júní

## Frá aðalfundi BV 2017

Aðalfundur BV var haldinn á Hvanneyri 6. apríl sl. Rekstur Búnaðarsamtaka Vesturlands gekk ágætlega árið 2016 og er rekstur samtakanna gerður upp með hagnaði upp á 95.697.- kr sem er tölverður viðsnúningur frá árinu á undan þegar þau voru gerð upp með rúmlega 2. millj.kr tapi.

Rekstrartekjurnar urðu rúmlega 106 millj.kr sem er aukning á milli ára um rúmlega 3 millj.kr. Rekstrargjöldin voru rúmar 100 millj.kr. Afskriftir og fjármagnsliðir voru um 5 millj.kr.

Búnaðarsamtökin leigja RML meiripart skrifstofuhúsnæðis síns og einnig hafa bílar BV verið leigðir til þeirra þegar þarf. Starfssemi BV var með hefðbundnu sniði á árinu, sæðingarstarfsemi bæði í nautgriparékt og sauðfjárrækt, bændabókhald, klaufsnyrting, lögbundnar úttektir á þróunar- og jarðabótaverkefnum og úttektir fyrir Framleiðnisjóð. Einnig hefur Guðmundur Hallgrímsson sinnt verkefni um starfsumhverfi bænda sem ber heitið Búum vel, í samvinnu við Bændasamtök Íslands. Á árinu var Helgi Már Ólafsson ráðinn til starfa til að sinna afleysingum í nautgripasæðingum og við túnkortagerð.

Aðalfundurinn samþykkti að breyta samþykktunum í þá veru að fækka stjórnarmönnum úr fimm í þrjá og fellur niður sú svæðaskipting sem gilt hefur um stjórnarkjór til þessa. Þá var samþykktunum breytt í þá veru að Búnaðarþingsfulltrúar eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn.

Stjórn BV skipa nú Þórhildur Þorsteinsdóttir á Brekku formaður, Hannes Adolf Magnússon Eystri Leirárgörðum varaformaður og Bryndís Karlsdóttir Geirmundarstöðum.

Búnaðarþingsfulltrúar BV eru: Þórhildur Þorsteinsdóttir, Ásbjörn K. Pálsson, Valberg Sigfússon og Eiríkur Blöndal.

Búnaðarsamtökin sem og önnur búnaðarsambönd á landinu standa á tímamótum um þessar mundir þar sem búnaðargjaldið fellur niður á árinu 2017 en það var til að standa undir þjónustu við bændur sem ekki var innheimt gjald fyrir og standa undir launum framkvæmdastjóra. Á árinu 2016 voru tekjur af Búnaðarmálasjóði um 5.7 millj.kr. Á aðalfundinum var samþykkt að hækka félagsgjaldið í kr. 8.000.- og gildir eitt gjald fyrir hjón og sambýlisfólk.

## Starfsmannabreytingar

Guðmundur Sigurðsson hættir störfum hjá BV frá 1. júlí 2017.

Anton Torfi Bergsson tekur við sem framkvæmdastjóri og Ingveldur H. Ingibergsdóttir verður áfram fjármálastjóri BV. Þórhildur Þorsteinsdóttir formaður BV sér um starfsmannamál og fjármál ásamt Ingveldi. Þetta fyrirkomulag verður a.m.k. til næstu áramóta. Guðmundur Hallgrímsson hættir með klaufskurð nú í haust og hefur Sigurbjörn Magnússon Minni-Borg verið ráðinn í hans stað. Guðmundur verður Sigurbirni til aðstoðar í haust.

## Hækkun á gjaldskrá við nautgripasæðingar

Vegna hækkunnar á launum frjóttækna frá 1. apríl og eins vegna þess að opinbert framlag til launa frjóttækna hefur ekki hækkað undanfarin ár var ákveðið á stjórnarfundi 7. júní að hækka gjaldskrá vegna nautgripasæðinga.

### Gjaldskrá fyrir nautgripasæðingar gildir frá 1. maí 2017.

Kúasæðing, innan skýrsluhalds	kr. 3.100.-
Kvígusæðing, innan skýrsluhalds	kr. 1.550.-
Kúasæðing án mjólkurframleiðslu	kr. 7.824.-
Kvígusæðing án mjólkurframleiðslu	kr. 3.912.-
Heimsóknargjald v. sæðinga	kr. 1.844.-

Gjaldskrá BV er að finna á heimasíðu BV, <http://buvest.is/upplýsingar-um-bv>

## Jarðræktarstyrkur og landgreiðslur

Matvælastofnun annast úthlutun jarðræktarstyrkja og landgreiðslna. Ár hvert auglýsir Matvælastofnun eftir umsækjendum um framlög. Umsóknnum skal skila inn í rafrænt umsóknarkerfi Matvælastofnunar á bændatorgi eigi síðar en **20. október ár hvert** vegna framkvæmda á yfirstandandi ári.

Framlögum skal varið til jarðræktar, þ.e. nýræktar og endurræktunar á túnnum, kornræktar og ræktunar annarra fóðurjurta sem og útiræktunar á grænmeti og kartöflum. Uppspera er forsenda fyrir jarðræktarstyrk. Heimilt er að greiða stuðning vegna ágangs álfta og gæsa á ræktunarlöndum bænda. Hægt er að skrá ágang álfta og gæsa á bændatorginu undir styrkumsóknir. Framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveður fyrir 20. september hvort heimildin verði nýtt til að veita stuðning vegna ágangs álfta og gæsa.

### Landgreiðslur.

Framlögum skal ráðstafa á ræktað land sem uppskorið er til fóðuröflunar. Framlög eru ekki greidd út á land sem eingöngu er nýtt til beitar.

Í umsókn um framlög skulu koma fram upplýsingar um nafn, kennitölu og heimilisfang umsækjanda, búsnúmer, landnúmer þess lands sem uppskorið er til fóðuröflunar ásamt tengingu við spildur í jord.is, þar sem liggur til grundvallar fullnægjandi túnkort af landi sem sótt er um styrk fyrir. Þegar uppskorinn er hluti lands, sem sækja á um styrk út á, skal skrá sérstaklega þann fjölda hektara sem er uppskorinn.

Framlög taka mið af heildarfjölda hektara sem sótt er um og deilast jafnt út á þá hektara sem sótt er um stuðning fyrir. Framleiðandi getur ekki fengið landgreiðslur út á sömu spildur og jarðræktarstyrkur er greiddur fyrir á sama ári.

**Sjá frekar: Reglugerð nr 1240/2016 um almennan stuðning við landbúnað.**

**Sumarlokun skrifstofu BV verður frá og með 10. júlí til 8. ágúst.**

Hægt er að hringja í s. 892-0517 ef um brýn erindi er að ræða ( Anton Torfi )